

Móttakið 5. júlí 2011
Andrés Ingi



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Stjórnagaráð
Sif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mmr.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 1. júlí 2011
Tilv.: MMR11061080/3.14-

Stjórnagaráð hefur í erindi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 27. júní sl., óskað eftir umsögn um tillögu að nýju ákvæði í stjórnarskrá Íslands er fjallar um menningarleg verðmæti, svohljóðandi:

„Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfí, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.“

Í athugasemdum frá stjórnagaráði kemur fram að greinin byggist m.a. á 1. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og tilganguinn sé að veita menningarverðmætum sambærilega vernd og þeirri sem lagt er til að náttúruauðlindir njóti. Ennfremur að nánar þurfi að skoða hvernig ákvæðið tengist handritagjöf Dana.

Af framangreindu tilefni skal tekið fram að í frumvarpi til menningarminja sem lagt hefur verið fram á Alþingi og væntanlega verður samþykkt í haust eru að hluta til notuð önnur hugtök en í gildandi þjóðminjalögum. Ef stjórnagaráð vill leggja til að sett verði inn ákvæði um menningarleg verðmæti í stjórnarskrá er betra að hafa frumvarpið til hliðsjónar hvað hugtakanotkun varðar, því lög nr. 107/2001 eru að mörgu leyti meingölluð og hugtakanotkun í þeim oft óljós.

Í frumvarpinu eru notuð hugtökin þjóðminjar og þjóðarverðmæti. *Þjóðminjar* teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. *Þjóðminjar* skulu vera friðlýstar eða varðveisittar í *Þjóðminjasafni* Íslands eða á vegum þess í viðurkenndum söfnum. Í frumvarpinu eru þjóðminjar í fyrsta sinn skilgreindar ítarlega með hliðsjón af mikilvægi þeirra fyrir íslenska menningarsögu. Til *þjóðarverðmæta* teljast hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu. Hugtakið þjóðarverðmæti er notað í frumvarpinu í samræmi við hugtakanotkun í tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/7/EBE (með áorðnum breytingum) um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis að samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Með notkun þess verður samræmi um notkun hugtaka milli laga á þessu sviði um þær minjar sem talðar eru hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu. Benda má á að Alþingi hefur þegar samþykkt lög um skil menningarverðmæta til annarra landa, sem byggja á þessari skilgreiningu (lög nr. 57/2011).

Að mati ráðuneytisins er það virðingarverð hugmynd að vilja veita menningarverðmætum sambærilega vernd í stjórnarskrá og veita á náttúruauðlindum í tillögum ráðsins en svo torveld er hún í framkvæmd að hætta er á því að hún yrði hrein markleysa. Tíl nánari skýringar virðist með tillögunni um menningarleg verðmæti vera átt við lausamuni en náttúruauðlindir standi þar utan. Að mati ráðuneytisins eru menningarminjar og náttúrumínjar hliðstæð hugtök en náttúrumínjar eru hins

vegar ekki náttúruauðlindir í öllum tilvikum. Íslenskir gripir, handrit og skjöl, sem teljast íslensk þjóðarverðmæti, finnast viða um heim í söfnum og einkaeigu. Ógerlegt er að henda reiður á þeim öllum eða tryggja eignarrétt íslenska ríkisins yfir þeim. Enn eru hundruð íslenskra handrita í Árnasafni og Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn auk safngripa af íslenskum uppruna í minjasöfnum viða um heim. Í söfnum í Svíþjöld eru t.d. allnokkrar af merkstu miðaldabókum Íslands. Þá finnast merk íslensk handrit í söfnum á Bretlandseyjum, Hollandi, Þýskalandi og víðar. Þessi handrit og gripir verða aldrei endurheimt á sambærilegum forsendum og handritagjöf Dana. Með samningum, samvinnu og hagnýtingu nýjustu tækni geta menningararfssstofnanir íslenska ríkisins komist áleiðis að slíku takmarki með því að fá gripina heim að láni um skemmti eða lengri tíma eða taka af þeim ljósmyndir. Er þess skemmst að minnast að Þjóðminjasafn Íslands og Nordiska museet í Stokkhólmi hafa komist að samkomulagi um að hið mikla magn íslenskra gripa, sem eru eign Nordiska museet verði lánað. Þjóðminjasafninu í svokölluðu millisafnaláni til ótímabundinnar varðveislu og Nationalmuseet í Danmörku hefur einnig lánað gripi til langstíma í fastasýningu Þjóðminjasafnsins, t.d. svonefndan Grundarstól.

Telja verður að íslenskar menningarminjar njóti flestar ágætrar verndunar með ákvæðum í sérlögum, svo sem í þjóðminjalögum, safnalögum og lögum um húsavernd. Sú vernd verður enn markvissari og sterkari, þegar fyrilliggjandi frumvarp til menningarminja, frumvarp til safnalaga og frumvarp um Þjóðminjasafn Íslands hafa verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Ísland hefur að auki staðfest nokkra alþjóðasamninga er lúta að verndun og viðurkenninga á menningararfi þjóða og þjóðarbrotta, t.d. samninga UNESCO um verndun menningar- og nátturuars heims (heimsminjasamningurinn), um verndun menningarerfða eða óápreifanlegra minja, um menningarlega fjölbreytni og um skil á menningarverðmætum sem stolið hefur verið í ófriði. Í ráðuneytinu er nú hugað að undirbúningi þess að staðfesta fleiri alþjóðlega samninga á sviði menningararfs.

Við skoðun á stjórnarskrámm grannríkjanna, þ.e. Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar kom í ljós að ekkert sérstakt ákvæði um verndun menningararfssins er að finna í þeim.

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins er sérstakt ákvæði í stjórnarskrá um verndun menningarminja óþarf.

Fyrir hönd ráðherra

Sæðeyj Helgadóttir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir
Guðny Helgadóttir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir